Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1968, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætiráðherra – Bréf – Aage Schiött – Bjarni Bjarnason – Davíð Ólafsson – Eykon – Eyjólfur Konráð Jónsson – Eysteinn Jónasson – Guðmundur Höskuldsson – Hafsteinn O. hannesson – Hans, de Ched des Protokolls – Jón G. Sólnes – Jónas Pétursson – Kurt Georg Kiesinger – Pétur Thorsteinsson – Tönnes Andnæs – Valdimar Björnsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-35, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**STATE TREASURER**

**MINNESOTA**

VAL. BJORNSON
TREASURER

**ST. PAUL**

LYLE V. HARRIS
DEPUTY TREASURER

13. maí '68

Bjarni: Það er langt orðið síðan Grettir Jóhannsson og Haraldur Bessason töluðu við mig í síma frá Winnipeg. Þeir voru að reyna að fá upplýsingar um landa í Houston, Texas — ríkir menn, og ætti leitun að þeim í vorum hóp — og báðir, víst, með þá "interessu" að láta viðskipti Íslands stefna meir í vestur- en austur-átt.

Ég skrifaði strax kollega mínum í Texas, og hélt að hann mundi fá almennilegar upplýsingar um þessa menn — en hér eru bara heimilisföng og síma-númer. Ég læt cópíu af bréfi hans Jesse James (hann heitir vafalaust í höfuðið á ræningjanum) fylgja handa þér, ef

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ske kynni að einhver vilji einhvern tíma hafa upp á efnudum Vestur Íslendingum. Afrit handa Gretti er í hjálögðu bréfi til hans. Jesse James trassaði með svarið það lengi að Grettir er líklegast kominn og farinn. Hann ætlaði að líta inn til þín í leiðinni til eða frá Canary-eyjunum.

Nú hafa verið nógu mörg erfiði og nóg af snöggum breytingum hjá okkur, í pólitíkinni — ekki ólíkt Íslandi. Vonum að allt gangi sem best, og sendum við hjónin þér og Sigríði bestu kveðjur,

Vinsamlegast,

Valdimar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ALÞINGI

Rvík 20. maí '68

Kæri Bjarni, — Hérmeð sendi ég þér afrit af umsóknum Síldarverksm. Djúpa-vogi og Stöðvarfirði til atvinnu-jöfnunarsjóðs, sem sendar voru í framhaldi af álitsgerð Davíðs Ólafssonar, en honum var gert mönnum kunnugt að þessar verksmiðjur gætu ekki og gætu ekki komist hjálparlaust á stað í vor nema fá einhverja lána-fyrirgreiðslu annarst. en í bönkunum — en stöðvun þeirra væri rothögg á þessi byggðar-lög — því sjálfum standa þær

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í samband við ek. einig
gerð var grein fyrir í vetur.

Davíð var skóinannamatar
í þessu og við vitum hvert álit
hans var. – Ég bað þá um
helgina að gera eina einn áreið
á handb. hvort hann gæti leyst
málið og það gera þeir í dag
gegnum Eskifjörð því þangað er
þeim vísað í því tilliti – og
verði niðurstaða af því til-
-kynnt Alvinnu jöfnum fyrir
-um því mitt er alveg full-
-víst hver hún er sem fyrr.
Þeir fá þá ekkert til að leysa
vandann.

Einhver óskaplegur misskiln.
hefur komist að í þessu einig svo
Magnúsi Jóni sé því best rétt ummæ
bið ég þig leiðrétta hann og
koma því til vegar að misskil
ingi sé ekki stað fyrir misskiln-
-ing.

Tómas Árnason, sem verið
hefur í stappa í þessu með þeim
í vetur mun leita fundar við Magnús
og skýra málið fyrir honum. –

Með kveðju
Eysteinn Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20. maí 1968

Herra gatnamálastjóri,

Í framhaldi viðtals á dögunum og til að firra misskilningi vil ég taka þetta fram:

Auðvitað er malbikun gatna mikilsverð fyrir þá, sem njóta, og í þeim efnum hafa verið unnin stórvirki á seinustu árum. Hinsvegar fæ ég ekki skilið að skylt sé að una því, að lóðum sé raskað við þá framkvæmd án þess, að þeim sé jafn-harðan komið í samt lag af hálfu borgar-yfirvalda. Skiftir í því sambandi ekki, hvort röskun er mikil eða lítil. Hér er um að ræða atriði, sem ákveðin regla verður að gilda um.

Í Háuhlíð höfum við, a.m.k. ég, aldrei fengið fulla vissu um hvar eru takmörk leigulóða og götu. Þessvegna kann að vera, að við eða a.m.k. ég hafi tyrft lengra út en rétt var. Ef svo var, þá er a.m.k. hæverskara af borgar-yfirvöldum að tilkynna það, heldur en gera enga ráðstöfun aðra en þá að láta opið flag standa misserum saman, þar sem lóðareigandi í góðri trú hafði fyrir malbikun verið búinn að koma upp grassverði.

Á þetta mál hefi ég hvað eftir annað minnst, - að vísu óformlega - við borgarverkfræðing en aldrei fengið svar fyrr en ef telja á umburðarbréfið um gangstéttarlagningu slíkt svar. Eins og ég tjáði yður, þá tel ég mig síður en svo hafa hag af þessari gangstétt, og skil ekki af hverju spurt er, ef svarið skiftir engu máli. En látum það vera, ef réttir aðilar ákveða lagningu gangstéttarinnar þá er ekki um það að tala heldur að sjálfsögðu skylt að taka því og greiða lögboðið gjald.

En þá er sanngjörn krafa, að jafnframt verði sagt til um lóðarmörk að götu, svo að ekki þurfi framar að vera áhorfsmál um, hve langt lóðarleiganda sé heimilt að fara í lóðarlögum án þess að þurfa að hlíta umtalslaust röskun af hálfu borgarinnar.

Með bestu kveðjum

Bjarni Benediktsson

Hr. gatnamálastjóri,
Ingi Úlfar Magnússon,
Skúlatúni 2,
Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EMBASSY OF ICELAND
WASHINGTON, D. C. 20008

31.5.68

Góði vinur,

Það er sjálfsagt ekki „diplo-matískt" af mér að vera með þessar kvartanir. En ég er kominn í nokkuð slæma aðstöðu út af þessum orðsveitingum. Og það er ekki aðeins á þessu sviði, sem ég er ekki spurður og ekki látinn vita, heldur á mörgum öðrum, og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kemur sér það ofl vel illa.

Hvað snertir skreiðina, fékk ég loks gögn að heiman, en um leið fyrirmæli um að aðhafast ekkert í málinu (það hefði verið tekið upp aftur) (Rolvaag)

Beztu kveðjur og þakkir fyrir síðast.

þinn einlægur

P. Th.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

DAVÍÐ ÓLAFSSON

REYKJAVÍK, 5. júní 1968

Kæri Bjarni

Í framhaldi af samtali okkar í dag vil ég koma til þín eftirfarandi á þennan hátt, því ég fer utan í fyrramálið og verð fjarverandi í 10 daga.

1. Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Mér hafði verið sagt frá málinu áður að það væri í farvatninu en það var ekki fyrr en í gær að ég fékk um það vitneskju, að komið væri að lántöku. Hinsvegar hefir Bjarni Ein. ekki talað við mig. Miklar annir mínar í gær og í dag hindruðu mig í að sinna málinu fyrr en þú hringdir, en þá kom í ljós að Elías Halldórsson var veikur og þegar ég loksins náði í hann undir kvöld vissi hann ekki hvort lánið hefði verið afgreitt með 1.9 millj. kr. frádrætti. Hinsvegar gæti ég ekki ráð fyrir að svo hafi verið úr því B.E. talaði við þig í morgun. Ég bað Elías hinsvegar að sjá um að málið yrði ekki afgreitt í fjarveru minni þar sem ég verð að athuga það nánar í Framkvæmdasjóði en til þess vannst ekki tími í dag. Hvort mér tekst að leysa málið þori ég ekki að segja en vil gera tilraun til þess. Þetta fyrirtæki hefir verið eitt af vandamálum Framkvæmdasjóðs og Fiskveiðasj. m.a. vegna þess að upphaflegar áætlanir stóðust ekki og framkvæmdir voru keyrðar áfram í bjartsýni en ekki raunsæi, eins og oft vill verða í okkar landi. Svo hefir það komið til, að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SEÐLABANKI ÍSLANDS
DAVÍÐ ÓLAFSSON

REYKJAVÍK,

þetta er eitt þeirra fyrirtækja í viðskiptum við Landsb., sem bankinn hefir átt í miklum vandræðum með og, eins og bankastjórar hafa oft sagt við mig, „verða að fara á hausinn". Hefir mér skilist, að fyrirgreiðsla Landsb. hafi miðast við þetta sjónarmið en þetta byggi og þó eingöngu á svona ummælum bankastjóranna, sem ekki má alltaf taka of alvarlega..

2. Síðdegis: Mín aðstaða til að koma fram málum, sem reynum að leita til lausnar þessa vanda er ekki sterk. Landsb. er viðskiptabanki Óskars en Útvegsb. hefir lítt fyrirgreitt (sbr. Páll Friðbjörnsson). Ef bankarnir vilja ekki vinna með að því, að fyrirtækin geti sameinast og þurfi ekki að bera, í bili a.m.k., meiri skuldabyrði en þau þola miðað við þann rekstur, sem þarna getur orðið, hefi ég engin ráð til að þvinga þá til þess. Segja má, að ég hefði átt að geta sagt mér þetta fyrr og er þá við mig að sakast um það en það var fyrst í gær, að ég fékk þetta alveg skýrt og ákveðið frá báðum bönkunum. Sýnist mér ei því sem komið er, að ekki sé neinn von til að nokkuð gerist í þessu máli nema fyrir sterkan þrýsting ofan frá og þarf þá sjálfsagt að íhuga vel hvernig slíkt á að gerast. Það hefst að leysa Skagastrandarmálið með harðfylgi Seðlabankans og ágætum stuðningi Eyjólfs Konráðs en hér þarf sennilega. Og áreiðanlega meira til.

Með beztu kveðju þinn einl. Davíð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkamál.

Reykjavík, Hátúni 4, 5. apríl 1968.

Herra forsætisráðh., Bjarni Benediktsson

Beztu þakkir fyrir samtalið í Alþ. Samtímis átti ég tal við menntamálaráðherrann. Ég minnti hann á að ég hefði unnið undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins í nálega 50 ár og að rétt gæti verið öldnum mönnum að eig síðan hvergi athvarf eða málsvara ef í harðbakka slæði málefnalega.

Ég ætla að skrifa niður þessi ágreiningsatriði milli mín og skólanefndarinnar. Ég held að þú styttir tíma í að lesa þetta yfir en samtal yrði. Þessi atriði snerta ekki skólastarf mitt og má því segja, að þau séu á vissan hátt utan gátta, en ég hefði áhuga á fleiri málum en kennslumálum. Hugur minn beindist eflaust um of, að því að græða tún úr blautum mýrum og öðru óræktar landi.

Ýmsum fleiri mönnum fannst, fyrir mér að minnsta kosti; að slíkt tilheyrði ekki einusinni bújörð heldur einnig skólasetri í sveit. Vegna skila minna á þessum þætti míns lífsstarfs hefi ég og fjölskylda mín átt heimleiðan óralengi. Allt, sem ég gerði í þessu efni á Laugarvatni, þ.e. að græða túnbreiður í þrjár áttir frá skólunum, er nú metið verra en ógert og ekkert átti ég inni frá lífsstarfi mínu. Vegna þess, er þú mættir mér á dögunum með miklum hlýleika, sem gladdi mig mjög, langar mig að þú vitir um ágreining þann, sem ég hefi átt við að stríða síðan mér var veitt ábúð á Laugarvatni 1953. Þá fékk hver skóli lóðir og landar til þeirra þarfa þar á með ca. 20-30 ha túna og fullþurrkaðs lands, skólarnir voru fjórir talsins. Sá samningur er undirritaður af þér sem menntamálaráðherra og þar stendur, að allt, sem bújörðina snertir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkamál

beri skólan. að hafa umsjón með í samráði við ráðuneytið. Þessi samningur, sem þú lézt gera, dags 30/12 '53, er svo skýr og tvímælalaus að öllu leyti sem bezt má vera. Þetta ákvæði held ég að haldi sér í samnings uppkastinu um það, að ríkið taki að sér héraðsskólann.

Sá samningur, sem á að verða varanlegur, í honum mun þó verið að bögglast með mig og óuppgerðar sakir við mig og skólanefndina. Væri ekki ráð að krefjast þess að slíkt verði fært út úr honum. Ekki er ég grunlaus um að þú þyrftir að fylgjast með því máli.

Árið 1953 var jörðin byggð nú til lífstíðar. Hvorki ríki né sýsla vildu reka búið, en það hafði ég rekið fyrir skólans reikning árin 1936-1953. Það hafði verið lagt í staðinn tæplega 8 millj. kr. Það af hafði verið aflað með heimarekstri rúmlega einni millj. kr. Þetta var reitt saman með hagnaði á rekstri bús, gistihúss og rafstöðvar námskeiða o.fl. smávegis. Ég held að samkvæmt einhverjum gildandi reglum hafi þessi upphæð runnið til hluta sýslunnar í stofnkostnaði. Ég var viðstaddur á sýslufundi þegar Aðalsteinn Eiríksson gerði grein fyrir þessu, en ekki fékk ég að vita hvort sýslunni líkaði þetta betur eða verr.

Ágreiningur varð aldrei milli mín og skólans á þriðja áratug. Formenn voru þessir menn: Helgi Ágústsson frá Birtingaholti fyrstu 15 árin, Ingólfur Þorsteinsson áveitustjóri í tíð Brynjólfs Bjarnasonar menntam.ráðh. og Sigurður Ó. Ólafsson alþm. skipaður af þér. Allir þessir menn voru hver öðrum ráðhollari í garð málefna skólans og samvinnuþýðir svo af bar. Böðvar Magnússon, Jörundur Brynjólfsson og Skúli Gunnlaugsson í Bræðratungu voru lengst af í skólanefndinni, einnig séra Guðmundur Einarsson og Einar Hallgrímsson á Kárastöðum, en þeir létust báðir meðan þeir voru í nefndinni. Þá var ánægjulegt tímabil á Laugarvatni.

Þessi skólanefnd samdi við mig að flytja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gripahúsin á þann stað, sem skipulagsstjóri vildi. Mér skyldi greidd þóknun fyrir í samráði við húsameistara. Á sínum tíma fól hann Birni Rögnvaldssyni að semja um þetta. Ég fór fram á 10% af byggingarkostnaði og taldi Björn að það væri þó lágt, sem hann vissi um og varð þetta að ráði, en þessar byggingar sjálfar kostuðu 1,6 millj. kr., rúm fyrir 100 stórgripi í fjósi, með hlöðu tveim turnum mjaltahúsi, mjólkurhúsi, lítilli 3 herb. íbúð með eldhúsi. Greiðslan var engin, svo skuld reisti ég síðar, en fékk hann ekki greidda.

Þegar þetta kom fyrir sýslunefnd og sýslumann, að skólann hefði greitt mér fyrir verkið eða réttara sagt það, felldi sýslunefnd bæði Helga Ágústsson og Jörund, en kaus í staðinn Pál sýslumann og Pál Björnsson frá Sandvík, ungan stúdent frá Laugarvatni. Að loknum sýslufundi kom sýslumaður heim til okkar hjónanna í Sand og skýrði mér hreinlega fyrir að taka móti þessari greiðslu. Mér stóð auðvitað á sama, en eftir þetta var ég ekki boðaður á fund skólanefndarinnar nema þá til þess að blessa að mér óþægindum. Sig. Ó. Ólafsson form. Búðar Magnúsar og Skúli í Bræðratungu voru upp frá þessu óvirkir menn enda allir bæði í sýslunefnd lengi og í skólan.

Eftir þetta bjó ég við samfellda leiðindi, skaða og skömm. Ég varð að fjúka við ýmiss verk: leggja veg að nýju húsunum, bera í víðáttu mikil hlöð, grafa skurði til þurrkunar. Flest tilheyrði byggingunni, en þetta taldi ég alls ekki með í þeim kostnaði, sem ég tók fyrir. Nú var sú breyting á að ég fékk ekkert borgað. Þegar ég hafði greitt ýmsa óhjákvæmilega vinnu með rúml. 100 þús. kr. tilkynnti ég endurskoðendum reikninga, að ég hætti að greiða mín jarðarafgjöld, enda stendur í erfðafestu samningum að þau megi ganga í umbætur á jörðinni. Endurskoðendur kröfðust þess af sýslumanni að gert yrði upp við mig, en því er enn í dag ósvarað.

Við hjónin máttum búa í Sandi meðan við vildum og þyrftum, það er samningur frá tímanum hér á sama hátt og tíma fyrrum frá 1953. Við Borgþórum héldum leigu og ábúð á Laugarvatni. Loks komst á húsinu, ég lét gera

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við lækinn og eldhúsið niðri, sem tilheyrði húsinu og greiddi kostnaðinn með húsaleigu minni það, sem hún hrökk, en hitt er enn ógreitt. Ég skýrði skólan. frá þessu, en svar hennar undirritað af form. S.Ó.Í. var að mér væri þetta óheimilt, hinsvegar bæri skólan. að sjá um viðhald hússins. Við hjónin hröklumst svo alfarin úr þessu húsi vegna kulda og viðhaldsleysis einkum á gluggum. Þorkell sonur minn býr þarna enn þá með sína 9 manna fjölskyldu. Í frostunum nýafstöðnu var enginn hiti í húsinu. Um það leyti, sem við kona mín, fórum vegna kulda, var sett í stand íbúð sú, sem ég hafði í fyrstu nær tvo áratugi með 4 manna fjölskyldu og leit mjög vel, handa einhleypum matsveini, ég veit að kostnaður var mjög mikill, vil þó ekki nefna tölur.

Ekkert af þessu gerði okkur neitt til við keyptum litla íbúð, en okkur langaði að vera kyrr eystra svo sem þú hafðir lagt drög að á sínum tíma.

Þegar ég sagði lausri lífstíðaríbúð minni og lét þess getið, að ég gerði það í trausti þess, að sonur minn, sem búið hafði með mér allengi með skólan. leyfi, fengi ábúð áfram. Til var drög að samningi við hann, en það fór allt út um þúfur einkum vegna eftirfarandi:

Þegar úttekt á öðru en búfé hafði verið gerð að öllum réttum aðilum viðstöddum, komum við okkur fúslega saman um að bóka okkur hinn löglega frest, tvær vikur, ef annarhvor aðili vildi óska yfirmats. Að tilskildum fresti hafði slík ósk ekki komið fram.

Nokkru síðar var sameiginlegur fundur og einkum rætt um væntanlegan samning við Þorkel son minn til ábúðar, en þá óskaði Páll Hallgrímsson eftir 6 vikna fresti til óska um yfirmat. Ég lét bóka að ég teldi úttekt fullgilda og óskaði að halda mig við það. Sýslum. lét bóka að þessi afstaða mín ónýtti allar gerðir fundarins og gekk á dyr. Fundurinn leystist upp og við mig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við mig hefir aldrei verið rætt síðan, en Þorkell hefir reynt að halda sínu máli um afnotarétt jarðar og húsa áfram, en árangur orðið lítill. Þessi fyrr-nefndi ágreiningsfundur var haldinn 6. júní 1966. Daginn eftir hélt skólan. fund á Selfossi. Þorkeli var send sú fundargerð. Var hún mjög í þeim tóni að þar sem Fadisinn sé óþjáll muni það erfiða samning-unum að ná árangri. Við þetta hefir verið dyggilega staðið. Honum hefir verið tilkynnt, að fjárbúskap skuli leggja niður á þessari sögufrægu sandjörð. Þorkell lætur sér það lynda ef hann fái að halda áfram hrossakynbótastöð sinni, hafa sitt hrossabú og halda áfram 8 ára starfi í þágu ferðafólks, einkum útlendra, með ferðalögum á hestum. Ekkert loforð hefir hann fengið, en þau svör hafa þó fengizt, að hann megi reisa hús á skólalóðinni, en hann sótti um að byggja á bújörð-inni í von um að geta þá fengið lán úr Búnaðarsjóði. Þá hefir Þorkell fengið svör um það, að ekki sé hægt að gera neitt í búskaparráðagerð fyrr en allt sé klárt við fráfaranda, en samtöl um það fást ekki. Sami maður heldur í báða spottana og ætlar sennilega að nota þessa aðferð til að flæma Þorkel frá skólanum á Laugarvatni með sín sjö námfúsu börn.

Í febrúar í fyrra kom [illegible] Eiríksson því til leiðar, að skólan. og ég komum okkur saman um að velja okkur sinn lögfræðinginn hvor til þess að gera út um þetta og við skyldum báðir sætta okkur við það, sem þeir yrðu sammála um. Sveinbjörn Dagfinns-son fyrir mig, Ragnar Ólafsson fyrir skólan. Ég lagði mín plögg samstundis fyrir Sveinbjörn, en Ragnar hefir sótzt eftir að tala við form. skólan. fyrst Sigurð Ó. Ólafsson og síðar Guðmund Daníelsson, en hvorugur þeirra kvaðst vilja hitta R.Ó. nema Páll sýslumaður hafi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

forustu. Þessu verki átti að vera lokið fyrir lok marz mán. 1967, en ég held að landið þess sé hvergi nær markinu en þá var. Þannig virðist svikamyllan vera, að gera ekki upp við fráfaranda svo að andvaldið sé að leyfa ekki öðrum aðstöðu á jörðinni.

Þó að ég treysti þér vel og nú í sannleika þér einum eftir þau orð, sem þú sagðir við mig í anddyri þinghússins, veit ég hinsvegar ekki hvað þú vilt gera fyrir mig og fjölskyldu mína, en engan vitring þarf til þess að sjá, að menntamálaráðherra getur ráðið því þar eð ríkið á 3/4 jarðarinnar með húsum og gefið þann hluta til byggingarinnar á sínum tíma. Enginn hygginn maður sendir að sá, sem á 1/4 eignar ráði því einn að allt tún, hús og bithagi verði látið grotna niður umhirðulaust og ónotað á staðnum og Laugarvatni. Beitiland og tún gert að afrétti nágrannasveita.

Þorkell sonur minn biður að eins um rétt til að nytja eignina fyrir borgun og að mega reisa íbúðarhús á jörðinni, en ekki skila lóðinni

Ég sleppi hér stærstu deilunni við mig, sú deila er um búpeninginn. 7 jan. 1954 keypti ég kýr og ær og allar fóðurbirgðir svo sem skipti er talið fram í sannvirði. Síðan tók ég á leigu 24 kýr og 80 ær, síðar var 1/2 kúnna breytt í 120 ær. Leigupeningi fylgdi ekkert fóður. Ég ætlaði því að skila honum á sama árstíma og í svipuðu standi.

Þetta höfðu þeir nýju og raunar engir á skólanum athugað og líta að nú forstöðumanna afhendi sér kauplaust (umo rétti). Þetta hefir ekki einu sinni fengist rætt, tilkynnti ég Sig. Ó. Ólafss, þá formanni, með símskeyti um áramót, að ég væri reiðubúinn að afhenda leigupeninginn. Þér var ekki um kvöldi að ræða né venjulegar reglur ábúðarlaga. Ég hefi aldrei getað gert neitt fyrir mig og mun þess sennilega aldrei umkominn

Kær kveðja frá okkur hjónunum.

Virðingarfyllst.

Bjarni Bjarnason.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Staddur í Stjórnarráðinu
7/6 '68.

Kæri forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson.

Þakklæti: Átti samtal við menntamálaráðh. Líkur vel út að Þorkell fái aðstöðu með hesta.
Það væri hreint góðverk að leyfa honum að reisa sitt hús á athafnasvæðinu. Þetta var mitt síðasta orð við Gylfa.
Gjörðu svo vel að líta á meðfylgjandi kort. Umferð er mikil yfir staðinn og hættuleg.
Að koma starfsfólki á hverri máltíð gegnum byggðina kostar mann með ökuleyfi, og börnin eru með í verkinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hestaleigan er hjá gripahúsunum.

Þetta er sennilega mín síðasta bón til stjórnarvalda, að þeir Páll sýslumaður og Guðmundur skáld, verði linkaðir til að leyfa húsbyggingu á athafnasvæði búsins. Mín bón til þín er sú, að þú leggir þessu atriði þitt alþekkta drengskaparlið. Ég tel Tylfa vilja þetta, en hann þarfnast sterkari stuðning. Ég merki kortið: Fóðurhús, Gripahús og X lengst t. h. þar sem skólanefndin vill að Þorkell byggi.

Með kærri virðingarfyllstu kveðju.

Bjarni Bjarnason.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. ágúst. 1968.

Hr. forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson
Stjórnarráðinu
Reykjavík.
--------------

Við Jóhannes Nordal höfum nokkrum sinnum rætt á hvern hátt helzt væri líklegt að fá fjármagn frá Alþjóðalánastofnuninni, og komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að hreyfa hugmyndinni um framkvæmdafélag við aðalforstjóra Alþjóðalánastofnunarinnar, er hann verður hér á ferð um miðjan ágúst, ef ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að greiða fyrir slíkri félagsstofnun, og menn hafa trú á því að unnt sé að koma henni á fót.

Ég sendi því hér með tvö eintök af greinargerð um framkvæmdafélagið, og væri æskilegt að þú ræddir málið við Gylfa, ef þér lízt vel á það, svo að menn vissu hvað þeir teldu æskilegast að gera í málunum,um það leyti sem forstjóri Alþjóðalánastofnunarinnar kemur hingað.

Kveðjur,

Gylfi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði, 6.ágúst 1968.

Hr.Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14, Rvk.

Eins og þér mun sennilega kunnugt hefur Einar B.Ingvarsson, útibússtjóri, hér, sagt upp starfi sínu. Starfið hefur verið auglýst innan bankans, og rennur umsóknarfrestur út í dag.

Hr. Þorsteinn Egilsson úr endurskoðunardeild bankans var settur í starfið, við uppsögn Einars, og hefur verið hér í 3 vikur, ásamt öðrum manni frá endurskoðunardeildinni, við úttekt og athuganir.

Ég ætlaði aðeins að láta þig vita að ég hef lagt fram umsókn um starfið. Eftir 27 ára starf í útibúinu ætti ég að vera orðinn nokkuð kunnugur viðskiptamönnum og aðstæðum hér vestra.

-------

Af mér og mínum er annars allt gott að frétta. Mamma er nú alveg flutt til okkar, og er líkamlega nokkuð hress, en er orðin mjög kölkuð og gleymin.

Bárður sonur okkar lauk fyrrihlutaprófi í verkfræði í Rvk. í júní s.l., og er nú í mán.lokin á förum til Kaupmannahafnar til þess að byrja á síðari hlutanum.

Guðrún var í M.A. s.l. vetur og Hannes fer einnig norður í haust.

Með beztu kveðjum,

Hafsteinn O. Hannesson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði, 7.ágúst 1968.

Hr.Bjarni Benediktsson,
Háuhlíð 14,
Reykjavík.

Ég vísa til bréfs míns frá í gærmorgun, varðandi starf E.B.I. hér.

Það hefur nýtt skeð ímálinu, að í gæreftirmiðdag símaði til mín bankamaður í Rvk.,sem ég þekki, hann hefur talsvert lengri starfsaldur en ég,- hann tjáði mér að "ráðamenn" í bankanum legðu hart að sér að taka starfið, en hann vildi ekki gera það, nema ræða fyrst við mig.

Þar sem í því tilfelli yrði maður með lengri starfsaldur,- tjáði ég mig fúsan til samvinnu við hann, enda hafði ég ekki hugsað mér að segja upp, þótt bankamaður, annar en ég, fengi starfið.

Umsókn mína hef ég ekki afturkallað, en ég reikna með að málið sé "afgreitt", og sé milli okkar tveggja að velja á hann tvímælalaust forgang.

Afsakaðu ónæðið, tækifæri gefst ef til vill síðar að spjalla um þessa hluti.

Með beztu kveðju,

Hafsteinn O. Hannesson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓN G. SÓLNES
*Pósthólf 5 . Akureyri*

Akureyri, 6. Ágúst 1968.

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
REYKJAVÍK.

Kæri vinur.

Hérmeð leyfi ég mér að senda þér afrit af umsókn sem Júlíus sonur minn hefur sent menntamálaráðherra vegna auglýsingar sem nýlega birtist í Lögbirtingablaðinu um lausar stöður við raunvísindadeild Háskólans.

Mér þætti mjög vænt um, ef þú vildir gera mér þann greiða að veita liðsinni þitt til þess að þessi umsókn bæri jákvæðan árangur. Þegar Júlíus lauk námi á sínum tíma reiknaði hann með því, að hann hefði möguleika á því að fá tækifæri til aukakennslu við Háskólann, en af því hefur nú ekki orðið ennþá. Hann hefur undanfarið barist við að reka ráðgefandi verkfræðistofu en gengið frekar erfiðlega eins og svo mörgum öðrum. Hann hefur fyrir konu og þremur börnum að sjá og er því nokkur nauðsyn á því að hafa fastar tekjur. Þó ég segi sjálfur frá þá held ég að hann sé upplagður fræðari og rannsóknamaður. Okkur hjónunum er illa við að hann flytjist af landi burt, sem líklegast yrði raunin á, ef þessi umsókn hans bæri neikvæðan árangur.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, en treysti þér til alls hins bezta í þessu máli.

Með beztu kveðju til þín og fjölskyldu þinnar frá okkur hjónunum,

Þinn einl.

Jón Sólnes

Fskj.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nnnn

1968 VIII 19 05:19

lra577 ffc058 x-ntr002 on18
icrk co
oslo 30 19 0512

statsminster bjarni benediktsson
reykjavik

av mitt brev av 16 august stop jeg har erfart at vedkommende moete er meget naer forestaaende du kan derfor glemme min foresspoersel
beste hilsen toennes

col 16

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
SKRIFSTOFUR: AUSTURLANDI

Tala við G.Kr.G. og síðan Þ.Þ. í síma Arthens

Lagarfelli 18/9 1968

Góði vinur!

Það er út af íþróttahúsi Eskifjarðar er ég skrifa nú. Vildi ég biðja þig liðsinnis í því máli. Ég sendi þér hér með ljósrit af bréfi menntamálaráðherra til hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps, dags. 10. maí 1966. Teikning og kostnaðaráætlun var send í ráðuneytið vorið 1967. Bygging var þá hafin, húsið steypt upp og framlag ríkisins þá innt af hendi, sem búið var að veita á fjárl. í 3 ár, 1965-'67, miðað við helming kostnaðar í árslok 1967. Á fjárl. 1968 var veitt 1 millj til hússins. Eskifjarðarhr. áætlar sömu upphæð á fjárhagsáætlun sinni og heldur áfram framkvæmdum vorið 1968. Til 1. júlí '68 hefir Eskifjarðarhr. framkvæmt í byggingunni fyrir 658 þús. Sendir þá reikn. til að fá ríkisframl., helming kostnaðar. Því er neitað, – sagt að aðeins sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: AUSTURLANDI

100 þús kr. á framkvæmdaáætlun skóla.
Fyrst gefnar þær ástæður að teikning og kostnaðar-
áætlun hafi ekki verið samþykkt – síðar að
ekki verði greitt mótframlag nema á hæfilega
húsrými til skólaleikfimi.

Þessi undanbrögð eru óviðunandi með öllu.
Mér er vel kunnugt um að aldrei var gefið í
skyn að dregið yrði úr helmings framlagi, þótt
þessi stærð væri samþykkt. Alþingi ákvað fjár-
veitingu 1. millj. Hvaða aðili hefir heimild
til að lækka það í 100 þús?

Í Neskaupstað er í byggingu íþróttahús,
jafnstórt eða stærra. Þar er ekki rætt um skerta
fjárveitingu. Hvert á móti er mér tjáð að Lúðvík
Jósepsson hafi samið um við Gylfa að mega að
auki verja til íþróttahússins tveggja ára fjár-
veitingu til barnaskólabyggingar þar, sem
ekki er hafin. Og hvað um önnur íþróttahús, sem
víða eru í byggingu?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: AUSTURLANDI

Ég veit ekki hvort þetta er nógu ljóst.
Ég tel það vera skýlaust að Eskfirðingar
eigi að fá helmings framlag til hins sam-
þykkta íþróttahúss. Ef ríkisvaldið hefir
hlaupið eitthvað á sig í þessu máli, verður
það að gjalda þess, en það verður þá til
varnaðar framvegis í hliðstæðum málum,
þegar ákvörðun er tekin um þau.

Með beztu kveðju

Jónas Pétursson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagarfelli 24/8 1968

Góði vinur!

Það er um Lagarfljótsvirkjun er ég skrifa nú. Ég ræddi það mál við Ingólf Jónsson á dögunum, er ég skrapp til R. Ég berst fyrir því máli af því að þarna er um að ræða einhverja hagstæðustu virkjun, sem völ er á af svipaðri stærð, fremur hagstæðari en hitt, heldur en Laxá. Grundvöllur Jakobs Gíslasonar í áliti 10 manna nefndarinnar er byggður á betri aðstöðu hins stærri vegna markaðsins. Húshitunarmarkaðurinn fyrir Lagarfljótsrafmagn eystra, er þar vanmetinn. Með þessari afstöðu er réttur hins minni gerður minni. Aðstaðan til notkunar Laxárrafmagnsins verður alldrei jöfn á Austurlandi og Laxársvæði. Þar verða 1. og 2. flokks notendur. Ég vil fá fram ákvörðun um Lagarfljótsvirkjun, fyrst og fremst á grundvelli þess að myndað verði fyrirtæki um raforkuöflun á Austurlandi á borð við Laxárvirkjun - og reyni á það hvort heimamenn hafi skilið málið og hvort viðunandi samningar náist við rafmagnsveiturnar um núverandi orkuöflunaraðstöðu.

Nú standa fyrir dyrum viðræður við stjórnarandstöðuna um vandamálin. Ekki verður séð nú til hvers þær kunna að leiða. Að eiga þetta mál óleyst og hugsanlega aðild framsóknar að stjórn eða stjórnarathöfnum - til þess vil ég ekki hugsa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef fyrir dyrum stæði á allra næsta leyti að virkja Dettifoss og stóriðja einhverskonar fylgdi á Reyðarfjörð. Þá væri málið úr sögunni í bili: Virkjun í Dettifossi skapar öllum aðilum á þessum landsvæðum jafna aðstöðu til orkunnar. Stærð orkuversins er slík.

Að lokum vil ég ekki draga á það dul að ég hefi hug á að komast í stjórn á Austurlands-fyrirtæki um orkuöflun. Ég eygi í þessum málum mesta framfaramöguleika – undirstöðu atvinnu- og menningarlífs á Austurlandi.

Með beztu kveðju
Jónas Pétursson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



nskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Nóvember. 0,68:

Virðulegi herra:

Ég þakka fyrir sent, og heiðrað með veitzum, í Sjálfstæðishúsinu, –

og vona og óska þér – meiri festu með veitmar-valdi þínu.

Til d. á móti Verslunar-Braskinu..!

– og lög um aftursköllun, á aldri 17. ára unglinga, og fara aldrinum til 20. ára..

herra.

Bjarni Benediktsson.

Innilegar hamingjuóskir!

Vertu vakandi í og með-Hátíðleikum þeirra:

Hannesar Hafsteins...

Jóns Sigurðssonar forseta..

Matthíasi Jochumsson...

frá.

Guðmundi Haraldssyni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*A. Schiöth*

**Siglufjörður**

Föstudagur 13/9 - 68

Herra forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k

Góði vinur,

Fyrir drengilega aðstoð þína tókst mjer að fá loforð fyrir 250 þ. kr. rekstrarláni hjá Iðnaðarbankanum (Bragi Hannesson) sem kemur til útborgunar um næstu áramót og með miklum erfiðismunum tókst að fá loforð fyrir bráðabyrgðagreiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík.

Tollurinn á vjelunum, sem var fyrst ca. 185 þ. kr. hækkaði í nóvember (gengislækkunin) upp í ca. 265 þ. kr. en vegna hækkunar á innflutningstollum síðustu daga er þessi upphæð nú komin upp í kr. 376 þús. ca. Áður hafði Bragi Hannesson veitt mjer bankaábyrgð fyrir tollinum (265 þ.) en hún fæst nú alls ekki framlengd og með því að vjelarnar hafa verið hjer rúmt ár á afgreiðslu má ganga að þeim fyrir tollinum, verð vjelanna ca. 740 þús. kr., - að fullu greiddar.

Verði þær seldar fyrir tolli missi jeg vjelarnar og fasteignir mínar á eftir. Þá er að horfast í augu við þá staðreynd, að jeg stend, slyppur og snauður á götunni með konu og 3 drengi. - Í gærkveldi var jeg svo heppinn að hitta Pjetur, alþingismann Sigurðsson hjer í bæ og ræddi ýtarlega við hann um þessi mál. Hann er í stjórn Atvinnuleysistryggingarsjóðs og hefir verið mjer sjerlega velviljaður og ráðhollur.

Þá hafa þeir Ágúst Fjeldsted og Eyjólfur Jónsson unnið dyggilega að þessum málum fyrir mig og hafa nú ráðlagt mjer, að koma suður til þess, að freysta þess, að fá einhverja viðunandi lausn á þessu.

Mig langar til þess, að biðja þig aftur liðsinnis og mundi reyna að ná fundi þínum í byrjun næstu viku, - án þess að ónáða þig of lengi. Eina útgönguleiðin sem jeg fæ auga á, er sú, að Magnús Jónsson ljeti mig hafa vjelarnar gegn veði í þeim á eftir Iðnlánasjóði og aukalega veð í mínum fasteignum. Jeg mundi greiða þá skuld eins fljótt og mögulegt er.

Annars hefir Ágúst Fjeldsted öll mín skjöl og mínum fjármálum gjörkunnugur.

Með virðingu og beztu kveðjum,
þinn einl.

Aage Schiöth

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. Schiöth
Siglufjörður

Sam 14/10-68

Herra forsætisráðherra,
Góði minn,

Bið þig afsaka það ónæði, sem jeg hefi gert þjer að undanförnu.

Iðnaðarbankinn hefir nú synjað framlengingu á veittri bankaábyrgð vegna Stálls á vjelunum og — eins og Sg. Fjeldsted veit — hefir einnig Útvegsbankinn í Rvk. neitað að standa við áður gefin loforð um bátabyggingarrekstrarlán.

Að afloknum fundi hjá hjá bæjarfógeta 29. f.m. verður svo þetta allt sett undir hamarinn, fjelag Stáll o.s.frv. — En hvað um það, með þessum línum vil jeg þakka þjer þína fyrirgreiðslu og velvilja.

Kær kveðja,
þinn einl.
Aage Schiöth

AUSWÄRTIGES AMT
DER CHEF DES PROTOKOLLS

Bonn, den 8. November 1968

Exzellenz, Hochverehrter Herr Ministerpräsident,

durch Ihren Botschafter, Seine Exzellenz Herrn Magnus V. Magnusson, habe ich im Oktober das Großkreuz des Isländischen Falkenordens überreicht bekommen. Da mir bewußt ist, daß diese hohe Auszeichnung auf Ihre Anregung hin erfolgt ist, darf ich mich bei Ihnen, sehr verehrter Herr Ministerpräsident, herzlich und aufrichtig für diese große Ehre bedanken. Ich werde das Großkreuz des Isländischen Falkenordens tragen in Erinnerung an Ihren und Frau Sigídur Benediktsson's Deutschlandbesuch in der Zeit vom 11. bis 15. September 1967, der auch für mich ein Ausdruck der freundschaftlichen und engen Beziehungen zwischen der Republik Island und der Bundesrepublik Deutschland ist.

Es war mir eine große Ehre, Ihnen damals zugeteilt gewesen zu sein. Ich darf bitten, mich, auch im Namen meiner Frau, Ihrer sehr verehrten Frau Gemahlin zu empfehlen und bin mit dem Ausdruck meiner vorzüglichsten Hochachtung

Ihr Ihnen sehr ergebener

Hans Schwarzmann

Seiner Exzellenz
dem Ministerpräsidenten der Republik Island
Herrn Bjarni Benediktsson

R e y k j a v i k

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BUNDESREPUBLIK DEUTSCHLAND
DER BUNDESKANZLER

Bonn, den 15. November 1968

Sehr geehrter Herr Ministerpräsident,

auf Ihren Vorschlag hat mir Seine Exzellenz der Herr Staatspräsident von Island, Dr. Kristjan H. Eldjarn, das Großkreuz des Isländischen Falkenordens verliehen. Ich danke Ihnen hierfür sehr herzlich und bitte Sie, auch Herrn Staatspräsidenten Eldjarn meinen aufrichtigen Dank für die hohe Auszeichnung zu übermitteln.

Ich betrachte die Ordensverleihung als erneute Bestätigung der ausgezeichneten Beziehungen, die zwischen unseren beiden Ländern bestehen. Ihr Besuch im vergangenen Jahr, an den ich mich sehr gerne erinnere, hat dazu beigetragen, die Freundschaft und Verbundenheit zwischen Island und Deutschland weiter zu festigen und zu vertiefen.

Mit meinen besten Wünschen und
herzlichen Grüßen bin ich
Ihr sehr ergebener

K. G. Kiesinger

Seiner Exzellenz
dem Ministerpräsidenten
von Island
Herrn Dr. Bjarni Benediktsson

R e y k j a v i k

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur